

Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029

Athugasemdir við auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og svör sveitarstjórnar Flóahrepps við þeim.

Skipulagstillagan var auglýst á tímabilinu 18. apríl – 31. maí 2018. Alls bárust 3 athugasemdir. Gerðar eru eftirfarandi breytingar frá auglýstri tillögu að aðalskipulagi:

- Í greinargerð, kafla 2.8.3 um minjavernd, er bætt við að hlaða í landi Króks sé fallin og einungis grunnurinn eftir.
- Skipt er um lógó á skýrslu um flokkun landbúnaðarlands.

	Aðili	Efnislegar athugasemdir	Svör sveitarstjórnar
1	Ólafur Bjarnason, 29. maí 2018	<p>a) Frístundasvæði (F38) í landi Króks hefur verið minnkað um helming. Gerir þá kröfu að svæðið sem var undir frístundabyggð verði skilgreint sem heilsársbyggð með sömu formerkjum og byggð í landi Laugardæla handan við Langholtsveginn. Með þessu verður betri grundvöllur fyrir veitumannvirkjum.</p> <p>b) Hlaða sem byggð var árið 1915, og nýtur verndar vegna aldurs, er fallin og er einungis grunnurinn eftir.</p> <p>c) Tekur undir að ástæða er til að varðveita gamla þjóðveginn í landi Króks, eins og gert er.</p>	<p>a) Í tengslum við aðalskipulagsvinnuna var sent bréf til landeigenda og óskað eftir því að þeir skoðuðu möguleika til fækkunar/minnkunar á íbúðar- og frístundasvæðum. Í umsögn Skipulagsstofnunar um aðalskipulagstillöguna, dags. 21. sept. 2017, er sveitarfélagið hvatt til að draga úr umfangi frístundasvæða.</p> <p>Í aðalskipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðarbyggð. Þess í stað er heimilt að byggja stök íbúðarhús á landspildum sem ekki tengjast búrekstri, m.a. til að auka möguleika á áhugabúskap. Ný hús skulu reist í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best það þjónustukerfi sem fyrir er. Í ljósi þessa er ekki tekið undir óskir um nýtt íbúðarsvæði í landi Króks en bent á að möguleiki er á byggingu íbúðahúsa á rúmum lóðum á landbúnaðarlandi.</p> <p>b) Í greinargerð verður gerð grein fyrir því að hlaðan sé fallin og einungis grunnurinn eftir.</p> <p>c) Kallar ekki á viðbrögð.</p>

2	<p>Hreggviður Hermannsson 30. maí 2018</p>	<p>a) Gerir athugasemd við útfærslu á óskum um tilboð í endurskoðun aðalskipulagsins, einnig að tilboðin hafi ekki verið opnuð öll í einu að viðstöddum bjóðendum.</p> <p>b) Gerir athugasemd við að tilboði í flokkun landbúnaðarlands hafi verið tekið án þess að öðrum væri gefinn kostur á að bjóða í það verkefni.</p> <p>c) Leiðréttu þarf merki sveitarfélagsins á skýrslu um flokkun landbúnaðarlands.</p> <p>d) Telur flokkun landbúnaðarlands í Flóahreppi óþarfa. Á stórum hluta sveitarfélagsins er stutt niður á hraun og annars staðar er land gegnsósa af vatni. Hluti landsins er vonlaus til ræktunar. Þá er stefnumörkun engin og eingöngu stefnt að því að kyrrsetja land fyrir óljósar þarfir. Niðurstaða er engin og gengist er við því að eitthvað sé ofmetið.</p> <p>e) Mikið er gert úr flóðum 2006 sem voru meinlaus en reynt að eyða flóðum frá ísstíflum sem gera jarðir óskipulagshæfar og verðlausar.</p> <p>f) Sett er fram fullyrðing um að aldrei skuli myndast þéttbýli í Flóahreppi og að mannvirki skuli falla að náttúru í stíl við „dreifbýlislúkk“.</p> <p>g) Ekki eru nein stærðarmörk á landbúnaðarbygginum eins og fjósum, önnur starfsemi getur verið örfáir fermetrar.</p> <p>h) Aðferðarfræði í umhverfismati er einlit, allt miðast við akuryrkju og dreifbýli, stök mannvirki skulu háð geðþótta hverju sinni.</p> <p>i) Stefna aðalskipulags skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar og er þar minnst á atvinnulíf. Öll markmið eru íþyngjandi fyrir alla sem ekki moka flór.</p> <p>j) Tillögu að aðalskipulagi er mótmælt og þess krafist að öllum tilboðsaðilum sé gefinn kostur á vinnslu málsins. Þau skýlausu stjórnarskrárbrot sem þarna eru framin verða ekki liðin.</p>	<p>a) Snýr ekki að skipulagstillögu.</p> <p>b) Snýr ekki að skipulagstillögu.</p> <p>c) Þetta verður leiðrétt.</p> <p>d) Aðalskipulag sveitarfélaga skal taka mið af landsskipulagsstefnu á hverjum tíma. Í Landsskipulagsstefnu sem samþykkt var á Alþingi þann 16. mars 2016 kemur fram í kafla 2.3.1 að „Í aðalskipulagi byggist skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland“.</p> <p>Flokkun landbúnaðarlands í Flóahreppi er unnin í mælikvarðanum 1:50.000 og er gerð með tilliti til ræktunarhæfni lands. Vegna mælikvarða kortlagningarinnar kunna að vera svæði inn á milli sem ættu betur heima í öðrum flokki og er möguleiki fyrir landeigendur að sýna fram á það með frekari greiningu lands í nákvæmari mælikvarða. Niðurstaða kortlagningarinnar sýnir að víða er stutt niður á hraun og annars staðar er land of blautt til ræktunar.</p> <p>Sveitarstjórn vill að áfram verði stundaður landbúnaður í Flóahreppi og telur því mikilvægt að gott landbúnaðarland verði ekki tekið undir aðra landnotkun.</p> <p>e) Í greinargerð, kafla 2.9. er gert ráð fyrir að flóðasvæði vegna vetrarfloða í Hvítá verði kortlögð. Þar til sú kortlagning liggur fyrir verði óskað eftir umsögn Veðurstofunnar við deiliskipulagstillögum á þekktum og líklegum flóðasvæðum.</p> <p>f) Í ljósi þess að ekki hefur verið ásókn í að byggja íbúðarhús á þeim svæðum sem skilgreind voru sem þéttbýli, þá taldi sveitarstjórn ekki ástæðu til að gera ráð fyrir þéttbýli í aðalskipulagstillögunni.</p>
---	--	--	---

			<p>Ásókn hefur verið í að byggja íbúðarhús í tengslum við þær bæjar-torfur sem fyrir eru. Aðalskipulag er stefna sveitarstjórnar á hverjum tíma og er ekkert því til fyrirstöðu að gera ráð fyrir þéttbýli síðar.</p> <p>Sveitarfélögum ber, skv. landsskipulagsstefnu, að marka stefnu um gæði og yfirbragð byggðar í dreifbýli.</p> <p>g) Í byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum, eru settir fram skilmálar fyrir mannvirki. Þar eru ekki nein stærðarmörk á landbúnaðarbyggingum.</p> <p>Byggingar á landbúnaðarlandi, fyrir aðra starfsemi en landbúnað, geta verið allt að 500 m². Sé umfangsmeiri rekstur fyrirhugaður þarf að skilgreina þá starfsemi í aðalskipulagi, s.s. afþreyingar- og ferðamannasvæði, verslun og þjónustu, athafna- eða iðnaðar-svæði.</p> <p>h) Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að landbúnaður verði áfram stundaður og efldur sem atvinnugrein. Það er því eðlilegt að mat á áhrifum stefnunnar taki mið af akuryrkju og dreifbýli.</p> <p>Stefna um stakar framkvæmdir er sett fram til að ekki þurfi að breyta aðalskipulagi ef um minniháttar framkvæmdir er að ræða. Mikilvægt er að það sé skýrt hvaða framkvæmdir falla undir þetta ákvæði og hvar þær eru heimilar.</p> <p>i) Ekki er tekið undir að markmið aðalskipulagsins séu íþyngjandi fyrir þá sem ekki eru í landbúnaðarsarfsemi.</p> <p>j) Snýr ekki að skipulagsstillögu.</p>
3	Hreggviður Hermannsson, munnleg athugasemd 30 maí 2018.	Leiðréttu þarf merki sveitarfélagsins á skýrslu um flokkun landbúnaðarlands.	Verður gert.